

Fimmtudaginn 8. júní 1989.

Nr. 188/1989. **Einar S. Jónsson**

gegn

Snorra Welding og

Friðgeiri Björnssyni,

yfirborgardómara í Reykjavík.

Kærumál. Þingfesting. Stefna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Þriðjudaginn 2. maí 1989 kl. 10 árdegis kom lögmaður sóknaraðila á skrifstofu borgardómaraembættisins að Túngötu 14 í Reykjavík til þess að þingfesta mál þetta, sem sóknaraðili hafði höfðað með áskorunarstefnu, sem birt var í Lögbirtingablaði nr. 34, sem út kom þriðjudaginn 21. mars 1989, til þingfestingar þriðjudaginn 2. maí 1989 kl. 10 árdegis. Talsmaður embættisins tilkynnti lögmanninum þá, að málið yrði ekki þingfest vegna yfirstandandi verkfalls dómarafulltrúa. Lögmaðurinn óskaði þess að undanþága yrði veitt til þingfestingar þessa máls, þar sem fulltrúi yfirborgardómara hefði með útgáfu stefnunnar ákveðið þingfestingardag málsins. Talsmaðurinn tók þá fram, að alls engin mál væru tekin fyrir, meðan verkfallið stæði yfir, og í því efni væri ekki um undanþágur að ræða.

Með kæru, dagsettri 10. maí 1989, skaut sóknaraðili málinu til Hæstaréttar og gerir hann þar þær dómkröfur, „að réttarsynjun þessi verði dæmd ólögmæt og að hún varði skaðabótum til stefnanda samkvæmt almennum reglum“. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Um heimild til kæru máls þessa skirskotar sóknaraðili til b-liðar 1. töluliðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, og 2. mgr. sömu greinar.

Lögmaður sóknaraðila heldur því fram, að málatilbúnaður sóknaraðila sé „ónýtur orðinn og staða hans gagnvart gagnaðila orðin önnur og verri. Hann hefur og orðið fyrir umtalsverðum kostnaði, sem honum er annars glatað fé. Ég tel að yfirborgardómara hafi verið skylt að rétta í málinu, enda var hann viðstaddur og skrifstofa embættisins opin að venju. Þá tel ég að ekki sé heimilt

að hindra borgara íslenska lýðveldisins í því að leita til dómstóla, hvorki með verkfallsaðgerðum né með öðrum hætti“.

Yfirborgardómari hefur samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, sent réttinum athugasemdir sínar.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta með opinberri stefnu, sem birt var í Lögbirtingablaðinu. Sá ágalli er á stefnunni, svo sem hún er birt í blaðinu, að þess er ekki getið hvar dómþing skyldi háð til þingfestingar málsins. Þessi galli á málatilbúnaði sóknaraðila var slíkur, að dómara bar að vísa málinu frá dómi ex officio, ef það hefði verið þingfest, sbr. g-lið 1. töluliðar 88. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988, enda er ekkert fram komið í málinu um það, að sótt hafi verið dómþing af hálfu hins stefnda, er málið átti að þingfesta. Með hliðsjón af hinum gallaða málatilbúnaði sóknaraðila gat synjun um þingfestingu málsins ekki leitt til réttarspjalla fyrir sóknaraðila. Þegar af þeirri ástæðu verða kröfur sóknaraðila ekki teknar til greina.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Kröfum sóknaraðila, Einars S. Jónssonar, í máli þessu er hafnað.